



Afrika 20:20 –
félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara

ÁRSSKÝRSLA 2023

Aðalfundur Afríku 20:20 var haldinn 15. maí 2023, í Gimli 301, Háskóla Íslands. Þátttakendur voru stjórnarfolk auk fjögurra annarra úr félaginu. Gengið var til venjubundinna aðalfundarstarfa skv. lögum félagsins. Stjórn var endurkosin frá fyrra ári (Nelson Vaz da Silva hætti að eigin ósk sem varamaður og málstofunefnd var lögð niður):

<i>Formaður:</i>	Geir Gunnlaugsson
<i>Ritari:</i>	Stefán Kristmannsson
<i>Gjaldkeri:</i>	Magnfríður Birnu Júlíusdóttir
<i>Meðstjórnendur:</i>	Hulda Gunnarsdóttir Jón Geir Pétursson Karl Fannar Sævarsson
<i>Varamenn:</i>	Birna Halldórsdóttir Jite Brume
<i>Skoðunarmaður reikninga:</i>	Anna Katrín Árnadóttir

Starfsár stjórnar snerist að mestu um útgáfu **Afrika sunnan Sahara í brennidepli II** og endurhönnun á nýrri vefsíðu félagsins.

Félagsmenn

Einstaklingar á útsendingarlista Afríku 20:20 eru nú 205 talsins og fá reglulega upplýsingar um starfsemi félagsins. Listinn byggist á formlegum umsóknum einstaklinga til að gerast félagsmenn og svo einstaklingum sem hafa sýnt starfsemi félagsins áhuga, t.d. með því að sækja málstofur og aðra viðburði félagsins. Félagið hefur einnig komið upp hópi á Fésbókinni og er nú með 607 vini skráða. Alls borguðu níu árgjald fyrir 2023.

Heimasíða Afríku 20:20

Undanfarin nokkur ár hefur stjórnin leitað leiða til að bæta heimasíðu félagsins. Árið 2021 fól stjórnin Stefáni Kristmannssyni, ritara stjórnar, endurnýjun vefsíðunnar. Það fólst í námskeiði í vefsíðugerð byggða á WordPress í fjarnámi hjá vefskólanum Frami menntun ehf. Nýja vefsíðan hefur að geyma ýmsar upplýsingar um félagið, lög þess og stjórn, auk fréttu og áhugaverðra tengla. Ný frumgerð að vefsíðu félagsins (afrika2020.is) er tilbúin til samþykktar stjórnar og birtingar.

Bókarútgáfa

Ritstjórn (Jón Geir Pétursson, Geir Gunnlaugsson. Jónína Einarsdóttir og Magnfríður Birnu Júlíusdóttir) hefur lokið vinnu á bókinni **Afrika sunnan Sahara í brennidepli II**. Félagið fékk styrk (þrjár milljónir) frá Utanríkisráðuneytinu til útgáfunnar. Bókin var gefin út í samvinnu við Háskólaútgáfuna og vel sótt útgáfuhóf var haldið í Bóksölu stúdenta 21. mars 2024.

Bókinni **Afrika sunnan Sahara í brennidepli II** er skipt í fimm hluta með 13 köflum rituðum af 16 höfundum, auk inngangskafra ristjórnar. Í upphafi var öllum félagsmönnum sem höfðu áhuga á því að skrifa bókarkafra boðið að hafa samband við ritstjórn. Auk þess leitaði ritstjórn eftir framlagi hjá einstaklingum með reynslu og þekkingu af heimshlutanum. Við alla vinnu ritstjórnar var fyrsta bindið, Afrika sunnan Sahara í brennidepli, gefin út 2007, höfð til viðmiðunar við umbrot bókarinnar.

- **Inngangur: Hvert stefnir Afrika?**

Jón Geir Pétursson, Magnfríður Birnu Júlíusdóttir, Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir

I. ÁSKORANIR

- Frá þúsaldarmarkmiðum til heimsmarkmiða: Staðan í Afríku

Guðrún Helga Jóhannsdóttir, Jónína Einarsdóttir og Berglind Sigmarsdóttir

- Vöxtur borga í Afríku og misskipt lífskjör borgarbúa

Magnfríður Birnu Júlíusdóttir

- Hvað kostar hungrið í heiminum?

Stefán Jón Hafstein

- Flótti frá Vestur-Afríku til Evrópu

Kristín Loftsdóttir

II. STJÓRN MÁL OG SAMFÉLAG

- Stórir menn við stjórnvölinn í Afríku

Jón Geir Pétursson

- Átök og friðarferli í Afríku

Guðrún Sif Friðriksdóttir

III. MENNING OG LISTIR

- Brot úr sögu kvikmyndagerðar í Afríku sunnan Sahara

Stefán Sólmundur Kristmannsson

- New Culture Studios í Nígeríu: Menjar framtíðar?

Jite Brune og Alvaro Velasco Perez

IV. AFRÍKA OG UMHEIMURINN

- Fjarlægð og nálægð: Afríka í sjónmáli

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

- Leysinginn: Karabískur þræll gerist íslenskur bóndi

Gísli Pálsson

- Knattspyrna í Afríku: Draumurinn um að meika það

Matthildur Edda Pétursdóttir, Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson

V. ÞRÓUNARSAMVINNA

- Saga tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands og samstarf í Afríku sunnan Sahara

Geir Gunnlaugsson, Þórdís Sigurðardóttir og Jónína Einarsdóttir

- Samstarf um sjálfbæra þróun í Afríku: GRÓ-skólar og viðfangsefni þeirra á sviði jarðhita, sjávarútvegs, landgræðslu og jafnréttis

Jón Geir Pétursson

Komandi starfsár

- Málstofur með kynningu á nýju bókinni

Reykjavík, 10. apríl 2024
Fh stjórnar

Geir Gunnlaugsson formaður